

SKÝRSLA
um starfsemi áfrýjunarnefndar samkeppnismála
á árinu 2011

1. INNGANGUR

Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála skv. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Í ákvæðinu er mælt fyrir um að skrifleg kæra skuli berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina og að úrskurður áfrýjunarnefndar skuli liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti. Áfrýjun frestar hins vegar ekki gildistöku ákvarðana Samkeppniseftirlitsins.

Með kæru til áfrýjunarnefndar skal fylgja málskotsgjald, að fjárhæð 200.000 kr., og rennur gjaldið í ríkissjóð, en nefndin tekur ekki kæru til meðferðar nema að málskotsgjald fylgi. Ef málið vinnst fyrir nefndinni endurgreiðist málskotsgjaldið til kæranda.

Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír nefndarmenn og jafnmargir til vara. Eru nefndarmenn skipaðir af viðskiptaráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

2. SKIPAN ÁFRÝJUNARNEFNDARINNAR

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála var á árinu 2011 þannig skipuð:

Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, formaður.
Anna Kristín Traustadóttir, viðskiptafræðingur.
Stefán Már Stefánsson, fv. prófessor.

Varamenn:

Lárus L. Blöndal, hæstaréttarlögmaður, varaformaður.
Brynhildur Benediktsdóttir, hagfræðingur.
Kristín Benediktsdóttir, héraðsdómslögmaður.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Ritari áfrýjunarnefndar er Sonja María Hreiðarsdóttir, hdl.

Varamenn voru kallaðir til í sjö málum og alltaf þannig að einn aðalmaður vék sæti og einn varamaður kom inn.

Í tveimur málum var bæði nefndarmaður og varamaður hans vanhæfir og voru þá nefndarmenn skipaður af Hæstarétti til þess að taka sæti í nefndinni.

3. YFIRLIT UM KÆRÐ MÁL

Á árinu 2011 voru 17 mál skráð hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála og voru það allt kærur sem úrskurðir voru lagðir á, utan eitt mál. Vegna sameiningar nokkurra mála urðu endanlegir úrskurðir alls 13 en nokkrar ákvarðanir og úrskurður fjölluðu um formsatriði mála o.þ.h. Málskotsgjald var ekki greitt með einni kærinni og var hún því ekki tekin til meðferðar af nefndinni.

Málsnúmer	Áfrýjandi	úrskurður	afturkallað
NR. 1	Búvangur o.fl.	09.06.2011	
NR. 2	Eimskip Íslands ehf.	21.06.2011	
NR. 3	Vífilfell hf.	30.09.2011	
NR. 4	Seðlabanki Íslands	21.06.2011	
NR. 5	Forlagið hf.	27.09.2011	
NR. 6	Landsbanki Íslands	30.09.2011	
NR. 7	Arion banki hf.	04.11.2011	
NR. 8	Stjórnugrís hf.	<i>sameinað máli nr. 7</i>	
NR. 9	Inter	04.11.2011	
NR. 10	Síminn hf.	12.01.2012	
NR. 11	Landsbankinn o.fl.	16.02.2012	
NR. 12	MP banki	08.03.2012	
NR. 13	Langisjór ehf.	16.02.2012	
NR. 14	Síld og fiskur ehf.	<i>sameinað máli nr. 13</i>	
NR. 15	Matfugl ehf.	<i>sameinað máli nr. 13</i>	
NR. 16	Vélar og verkfæri ehf.	02.03.2012	
NR. 17	Einar P Pétursson		17.10.2011

4. ÝMIS FLOKKUN MÁLA

Þau 17 mál sem kærð voru til áfrýjunarnefndarinnar vörðuðu ýmis svið samkeppnisréttarins og atvinnulífs. Gróflega má skipta málunum niður með eftirfarandi hætti.

A. Skipting eftir atvinnuvegum

1. fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun – **3 mál**
2. fjármálaþjónusta – **3 mál**
3. neysluvörur, rekstrarvörur ofl. – **6 mál**
4. samgöngur og ferðamál – **1 mál**

B. Málaflokkar

1. sektarmál – **6 mál**
2. ólögætt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu – **4 mál**
3. beiðni um afhendingu gagna/aðgang að upplýsingum – **1 mál**
4. höfnun á frekari rannsókn – **1 mál**

5. REIFUN ÚRSKURÐA

Mál nr. 1/2011: Búvangur ehf. o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um kröfu B o.fl. um að ákvörðun SE um að heimila samruna Stjórnugríss hf. við rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf. yrði felld úr gildi og að samruninn yrði óheimilaður. Niðurstaða málsins var að ákvörðun SE var felld úr gildi og málinu var vísað aftur til eftirlitsins til frekari meðferðar og nýrrar ákvörðunar.

Mál nr. 2/2011: Eimskip Íslands ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um að E hafði kvartað til SE og taldi að rök væru fyrir því að S væri í markaðsráðandi stöðu eða sameiginlega markaðsráðandi stöðu og að háttsemi félagsins færi gegn 11. gr. samkeppnislaga. SE hafði hafnað að taka málið til rannsóknar m.a. með vísun til rétt SE til að forgangsraða erindum. Áfrýjunarnefndin vísaði kærinni frá á grundvelli þess að kæran hafði ekki borist nefndinni innan kærufrests skv. 9. gr. samkeppnislaga og hafnaði því að 3. mgr. 21. gr. stjórnslulaga um framlengingu kærufrests ætti við í þessu máli.

Mál nr. 3/2011: Vífilfell hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um athugun SE á skriflegum viðskiptasamningum V við 20 stærstu endursöluaðila, birgja og viðskiptavina félagsins á matvörumarki. Komst SE að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og gegn 54. gr. EES-samningsins með aðgerðum sínum og var fyrirtækinu gert að greiða stjórnvaldssekt. Niðurstaða málsins var að áfrýjunarnefnd staðfesti ákvörðun SE en lækkaði stjórnvaldssektina.

Mál nr. 4/2011: Seðlabanki Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um það að SE óskaði eftir upplýsingum frá SÍ með vísan til 19. gr. samkeppnislaga. SÍ neitaði að gefa umræddar upplýsingar. Taldi SE í hinni kærðu ákvörðun að SÍ hefði með neitun sinni brotið gegn lagaskyldu til að veita upplýsingar og gögn til eftirlitsins. Voru lagðar dagsektir á SÍ þar til upplýsingabeidi SE hefði verið svarað með fullnægjandi hætti. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE.

Mál nr. 5/2011: Forlagið ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um að á árinu 2007 átti sér stað samruni bókaforlaga undir nafninu F. Samruninn var tekin til rannsóknar af SE og komst eftirlitið að þeirri niðurstöðu að samruninn raskaði samkeppni og kallaði á aðgerðir skv. 17. gr. samkeppnislaga. Í framhaldi var gengið frá sátt á milli aðila. Í ákvörðun SE var skilyrði sáttarinnar tekin upp og á grundvelli hennar var samruninn heimilaður. Í lok árs 2009 hóf SE rannsókn á því hvort F hefði brotið gegn skilyrðum sáttarinnar og taldi svo vera. Var F gert að greiða stjórnvaldssekt vegna brotanna. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE.

Mál nr. 6/2011: Landsbanki Íslands hf. gegn SKE

Málið fjallaði um hvort L hefði gerst brotlegur gegn 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga sem fjallar um skyldu til þess að tilkynna samruna. SE hafði í ákvörðun sinni talið svo vera og gert L að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE en lækkaði stjórnvaldssektina.

Mál nr. 7/2011: Arion banki hf. og Stjörnugrís hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um ákvörðun SE þar sem ógiltur var samruni sá sem fólst í kaupum S á bústofni og fasteignum LS2 ehf. ásamt samningum um leigu félagsins á fasteignum að Brautarholti og kaupum á bústofni Rekstarfélagsins Brautar ehf. Hin kærða ákvörðun var tekin í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 1/2011. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE.

Mál nr. 8/2010: Störnugrís hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið var sameinað máli áfrýjunarnefndar nr. 7/2011

Mál nr. 9/2011: Inter gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um að I sendi kvartanir til SE á árunum 2004 og 2005 en erindin höfðu ekki verið afgreidd af hálfu SE. Kærði I þann drátt sem orðið hefur á afgreiðslu á kvörtunum hans til áfrýjunarnefndainnar með vísan til 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga. Krafðist I þess að SE yrði gert að setja mál félagsins í forgang og ljúka meðferð þess jafnfljótt og mögulegt væri lögum samkvæmt. Áfrýjunarnefndin taldi ekki ástæðu til að álykta um að dráttur á málinu hefði verið óeðlilegur og að grípa ætti til sérstakra aðgerða vegna dráttarins. Var kröfum I hafnað af hálfu áfrýjunarnefndar.

Mál nr. 10/2011: Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um stjórnslukæru til SE á árinu 2009 vegna starfshátta S í tengslum við tilboð félagsins. Eftir rannsókn málsins komst SE að þeirri niðurstöðu að S hefði með tilboði sínu brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins og með vísan til þessa var S gert að greiða stjórnvaldssekt. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun SE.

Mál nr. 11/2011: Landsbankinn hf. o.fl. gegn SE.

Mál þetta varðar ákvörðun SE þar sem ógiltur var samruni sem fólst í kaupum Landsbankans hf. á eignarhlut í Verdis hf. sem var að öllu leyti í eigu Arion banka hf. Áfrýjunarnefndin felldi ákvörðun SE úr gildi og lagði fyrir SE að veita aðilum stuttan frest til að setja fram endanlegar tillögur um skilyrði fyrir samrunanum af sinni hálfu á grundvelli þeirra markmiða sem SE telur að verði að nást til að fullnægja þeim samkeppniskröfum sem gerðar eru.

Mál nr. 12/2011: MP banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið fjallaði um kæru MP á ákvörðun SE um yfirtöku Íslandsbanka hf. á Byr hf. Í ákvörðun sinni taldi SE ekki forsendur til þess að hafast frekar að í yfirtökumálinu. MP krafðist þess að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi. Áfrýjunarnefndin staðfesti hina kærðu ákvörðun.

Mál nr. 13/2011: Langisjór ehf., Síld og fiskur ehf. og Matfugl ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið snérist um verðmerkingar á kjötvörum og samskipti aðila og smásala um ákvörðun verðsins, sem áttu sér stað í tengslum við þær merkingar. SE taldi að dótturfélög Langasjávar ehf., Síld og fiskur ehf. og Matfugl ehf., hefðu brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með háttsemi sinni. Var móðurfélaginu, Langasjó ehf., gert að greiða stjórnvaldssekt vegna brotanna og dótturfélagunum var gert að hlíta tilteknum skilyrðum með vísan til 16. gr. samkeppnislaga. Áfrýjunarnefndin staðfesti hina kærðu ákvörðun.

Mál nr. 14/2011: Síld og fiskur ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið var sameinað máli áfrýjunarnefndar nr. 13/2011.

Mál nr. 15/2011: Matfugl ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu

Málið var sameinað máli áfrýjunarnefndar nr. 13/2011.

Mál nr. 16/2011: Vélar og verkfæri ehf. gegn SE

Á árinu 2008 komst SE að þeirri niðurstöðu að V hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir höfuðlyklakerfi og þjónustu því tengdu og farið með því gegn 11. gr. samkeppnislaga og var V gert að greiða stjórnvaldssekt. Áfrýjunarnefndin felldi ákvörðun SE úr gildi með vísan til þess að vafi væri um grundvöll málsins sem nefndinni væri ekki unnt að taka af skarið um hvernig skýra bæri.


Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

Niðurlag:

Starf áfrýjunarnefndarinnar gekk ágætlega árið 2011. Málafjöldi var í meðallagi og umfang þeirra nokkuð mikið þegar litið er til gagnafjölda og þeirra lögfræðilegu álitaefna sem við var átt í hverju máli.

Málsmeðferð er í nokkuð föstum skorðum þótt erfiðlega gangi að virða þann tíma sem nefndinni er markaður í lögum til að ljúka úrskurðum á mál, þ.e. sex vikur frá því að mál er kært. Hin skriflega gagnaöflun og málflutningur fyrir nefndinni tekur á bilinu 4-5 vikur alla jafna og stundum er hefur nefndin ákveðið munnlegan málflutning í framhaldi af því. Þar sem mál eru oft viðamikil og gögn mikil að vöxtum er það óvinnandi vegur að ljúka rökstuddum úrskurðum innan tilsetts tíma í öllum tilvikum. Frávik eru þó ekki mjög mikil og hafa málsaðilar ekki gert athugasemdir til þessa. Nefndin telur þó til athugunar að lengja lítillega þann tíma sem meðferð mála má taka hjá henni.

Reykjavík, 28. desember 2012
F.h. áfrýjunarnefndar samkeppnismála



Jóhannes Karl Sveinsson, formaður